

1. fundur fræðslunefndar ársins 2012 vegna Undralands, haldinn 30. janúar 2012 í leikskólanum, kl. 16:00. 11. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson sem ritaði fundargerð, Bjarney Vignisdóttir, varamaður Gunnars Þórs Jóhannessonar, Halldóra Halldórsdóttir leikskólastjóri, Erla Jóhannsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Inga Jóna Hjaltadóttir, fulltrúi foreldra.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Könnun meðal leikskólastjóra á Suðurlandi.
3. Erindi frá fulltrúa starfsfólks v. mötuneytis.
4. Skólaþing 2012.
5. Skólaskýrsla Sambands sveitarfélaga 2011.
6. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla leikskólastjóra.

- ✓ Desember leið eins og örskot enda var margt að gera hjá okkur, við kláruðum að gera jólagjafirnar í byrjun desember. Mikil vinna er lögð í jólagjafirnar og öðlast barnið margskonar færni við gerð þeirra, en mest um vert er að kunna að gefa með stolti það sem maður hefur skapað sjálfur og tilfinninguna sem fylgir því að gleðja aðra.
- ✓ Daglega komu allar deildir saman og opnuðu litla pakka af dagatalinu, sungu saman jólalög og kvektu á aðventukransinum. Mikil samvinna var við pakkaopnunina og má segja að samvinnuhugtakið hafi einkennt starfið í desember.
- ✓ Séra Eiríkur kom reglulega á aðventunni, sagði okkur sögur um mannkærleik, kenndi okkur bænir og söng með okkur.
- ✓ Kveikt var á útjólátrénu okkar 1.des
- ✓ Foreldrafélagið bauð okkur upp á leiksýninguna „Prumpuhóllinn“ og var yngsta stigi Flúðaskóla boðið líka. Börn og fullorðnir skemmtu sér konunglega, og voru leikendur ánægðir með áhorfendahópinn. Nokkur börn urðu þó hrædd og fannst öruggast að vera í faðmi fullorðinna á meðan leiksýningin varði.
- ✓ Heimsókn í Heimaland er einn af okkar árlegu viðburðum í desember, við erum boðin til þeirra í opið hús, við sungum nokkur vel valin jólalög svo las hún Bubba fyrir okkur sögu. Börnin fengu svo smákökur og svala. Þetta eru alltaf mjög skemmtilegar heimsóknir svo erum við leyst út með hlýlegri gjöf, þrjónuðum vettlingum og sokkum, ómetanlegar gjafir sem ylja sál og líkama.
- ✓ Bakaðar voru piparkökur á öllum deildum um miðjan desember, foreldrum er boðið að koma og taka þátt í bakstrinum og eru þetta hinar notalegustu stundir með jólatónlist, kertaljósi og svo að sjálfsögðu piparkökuilm. 1.bekkur kom og bakaði með Skógarkoti.
- ✓ Hápunkturinn var jólaballið en þar var sungið og dansað við frábæran undirleik Undrabandsins. Undrabandið skipuðu þetta árið Garðar, Unnsteinn og Bjössí. Jólaveinninn kom og færði börnunum Barbapabbaglas sem foreldrafélagið okkar hafði laumað í pokann hans og systkini og gestir leikskólabarnanna fengu mandarínur. Börnin á Skógarkoti léku hinn árlega helgileik með glæsibrag.
- ✓ Ágæt mæting var milli jóla og nýárs þ.a.s. 6-11 börn og voru þrír starfsmenn alltaf í húsi, ánægjulegt var hversu margir gátu notið þess að eiga jólafrí saman. Við fengum mat hjá mötuneyti milli jóla og nýárs þetta árið **J**.
- ✓ Foreldrafélagið gaf leikskólanum flotta jólagjöf og þökkum við þeim kærlega fyrir. Við fengum líka jólagjafir frá börnum, bækur og púsluspil. Frábærar gjafir allar sem ein.
- ✓ Helsti viðburður janúarmánaðar var án efa karladagurinn, hvert barn var búið að útbúa boðsbréf og fallega gjöf til að færa sínum karli. Í vikunni fyrir karladaginn gera börnin

boðskort fyrir sinn karl. Mikil umræða fer fram um það „hvað karlar gera“ og eru svör barnanna alveg stórskemmtileg. Dagurinn var hin ánægjulegasti og gaman að sjá hversu margir sáu sér fært að mæta og eiga stund með barninu sínu við leik og störf.

- ✓ Nú í janúar keyptum við sófa og mottu inn á Heiðarkot og er það liður af þriggja ára áætlun okkar í að bæta hljóðvist og gera deildirnar enn heimilislegri. Börnin og starfsfólk er mjög ánægt með kaupin og er Heiðarkot orðið að vinsælustu deildinni. Ávinningurinn af bættri hljóðvist er mun meiri en við þorðum að vona og langar okkur helst til að geta bætt hljóðvistina á Skógar- og Móakoti sem fyrst.
- ✓ Dagur leikskólans verður 6. febrúar. Í tilefni dagsins opna nemendur leikskólans myndlistasýningu í versluninni Samkaup/Strax. Sýningin verður opin út febrúarmánuð. Dagur leikskólans er haldin til að vekja athygli á leikskólanum og því frábæra starfi sem þar fer fram.
- ✓ Leikskólinn á 30 ára starfsafmæli í apríl og höfum við ákveðið að halda hátíðlega upp á afmælið 18. maí sama dag og vorsýningin er.
- ✓ Þrátt fyrir töluverða hækkun á leikskólagjöldum hefur lítið sem ekkert verið dregið úr vistun barnanna.
- ✓ Töluverð veikindi hafa verið nú í janúar, bæði hjá starfsfólki og börnum og er það von okkar að nú sé pestangur að mestu yfir staðinn.
- ✓ Uppþvottavélin ákvað að gera okkur grikk á Karladaginn með sprengingum og látum, Bjarni rafvirki kom og reddaði málinu á hálf tíma og bjargaði deginum fyrir okkur. J
- ✓ Erum farnar að skoða möguleikann á því að gerast Heilsueflandi leikskóli, það er áhugaverð þróunarvinna í kringum það og gerir starfið enn fjölbreyttara og skemmtilegra.
- ✓ 6 starfsmenn af 11 fara í námsferð 12.-16. febrúar n.k. og er mikil tilhlökkun í hópnum, við förum á fyrirlestur um heilsueflandi skóla í Glasgow og förum í skoðunarferð í tvo leikskóla og einnig í vísindasafnið í Glasgow. Þeir starfsmenn sem fara ekki með verða í skipulagsvinnu, þrífum og fleira í leikskólanum, þær munu einnig fara í heimsóknir á leikskóla til að kynna sér útikennslu nánar.

2. Könnun meðal leikskólastjóra á Suðurlandi.

Leikskólastjóri fór yfir niðurstöður könnunar á meðal leikskólastjóra á Suðurlandi. Um er að ræða könnun þar sem spurt var um opnunartíma leikskóla, vistunarreglur, hlutfall milli faglærðra og ófaglærðra, gjaldskrár, aldur barna við inngöngu, ofl. Samþykkt að leikskólastjóri skoði stöðu mála varðandi aldur barna við inngöngu í leikskólann.

3. Erindi frá fulltrúa starfsfólks v. mötuneytis.

Erla Jóhannsdóttir, fulltrúi starfsfólks fór yfir niðurstöður könnunar sem gerð var á meðal starfsfólks leikskólans þar sem spurt var um viðhorf og upplifun starfsmanna á matseld mötuneytisins. Í umsögn starfsmanna kemur fram margvísleg gagnrýni. Fræðslunefnd samþykkir að senda niðurstöður könnunarinnar til skólastjóra Flúðaskóla sem yfirmanns mötuneytisins.

4. Skólaþing 2012.

Formaður fór yfir stöðu mála. Þingið er sameiginlegt verkefni Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir menntastofnanir sveitarfélagana. Næsta skref er að skipa undirbúningshóp fyrir skólaþingið sem er liður í vinnu við gerð skólafestu. Á þinginu verði tómtunda – og æskulýðsmál einnig til umfjöllunar og nýtist við gerð stefnumótunar fyrir málaflökkinn.

Hópurinn verði skipaður fulltrúum frá báðum sveitarfélögum auk skólastjórnenda. Fræðslunefnd leggur til að hópurinn verði skipaður fulltrúum fræðslunefnda, skólastjórum og einum aðila frá skólaráði Flúðaskóla. Frá Hrunamannahreppi verði Helgi Jóhannesson, formaður fræðslunefndar, Guðrún Pétursdóttir, skólastjóri Flúðaskóla, fulltrúi frá skólaráði og Halldóra Halldórsdóttir, leikskólastjóri.

5. Skólaskýrsla Sambands sveitarfélaga 2011.

Formaður fór yfir helstu atriði í skólaskýrslu Sambands sveitarfélaga fyrir árið 2011. Skýrslan er aðgengileg á vef sambandsins, www.samband.is

6. Önnur mál.

- a. Úttekt varðandi stjórnun og mönnun skóla Hrunamannahrepps.** Formaður upplýsti um stöðu mála. Skýrslan er nánast fullfrágengin og verður lögð fram á næstu dögum.

Fleira var ekki gert.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17.15.